

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 111/1999**

**frá 24. september 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/1999 frá 28. maí 1999<sup>(1)</sup>.

Ákvörðun ráðsins 98/482/EB frá 20. júlí 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir kröfur varðandi tengingu endabúnaðar við hliðræn almenn sjálfvirk talsímakerfi (PSTN) (að frátöldum endabúnaði sem er gerður fyrir talsímþjónustu byggða á rökstuddum tilvikum), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu)<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 4zt (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/543/EB) í XVIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„4zu. **398 D 0482:** Ákvörðun ráðsins 98/482/EB frá 20. júlí 1998 um sameiginlega tækniforskrift fyrir kröfur varðandi tengingu endabúnaðar við hliðræn almenn sjálfvirk talsímakerfi (PSTN) (að frátöldum endabúnaði sem er gerður fyrir talsímþjónustu byggða á rökstuddum tilvikum), þar sem númeraval innan kerfisins, ef boðið er upp á það, er með tónvali (DTMF-merkjasendingu) (Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 8).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 284, 9.11.2000, bls. 49 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 51, 9.11.2000, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 216, 4.8.1998, bls. 8.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar ráðsins 98/482/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 24. september 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*N. v. Liechtenstein*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*